



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 25. júní 2015 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Inga Rós Sævarsdóttir, Steindór R. Haraldsson og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Rekstur fyrstu 4 mánuði

Fyrir fundinum lá samantekt um rekstur fyrstu 4 mánuði ársins sem sveitarstjóri skýrði. Helstu gögn voru: Rekstraryfirlit samstæðu, samantekt um staðgreiðslu útsvars, útprentun úr bókhaldi yfir stöðu deilda og samanburð við áætlun og samantekt um nokkurra rekstrarþátta.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn og rekstur sveitarfélagsins almennt. Samþykkt að gera frekari greiningu á ákveðnum þáttum rekstrar.

2. Jafnréttisáætlun

Fyrir fundinum lá tillaga að jafnréttisáætlun Skagastrandar sem var áður til umfjöllunar í sveitarstjórn 27. mars 2015. Áætlunin er samansafn formlega samþykkrá áætlana um aðgerðir sem hafa jafnan rétt og jafna stöðu karla og kvenna að markmiði.

Í skilgreiningu áætlunarinnar kemur fram að tilgangur hennar sé að leitast við að draga fram mikilvægi jafnréttis fyrir karlmenn og konur. Hlutverk áætlunarinnar er m.a. kynning hugtaksins kynjasambætting sem innleitt var með lögum nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Með áætluninni er stefnt að því að sjónarmið kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanatöku á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkti jafnréttisáætlunina.

3. Framkvæmdir 2015

Fyrir fundinum lá samantekt um fjárfestingar og framkvæmdir 2015 og minnisblað um kostnað og valkosti við lagningu kantsteina.

Sveitarstjórn ræddi verkefni sem fram komu og fjárfestingar ársins og þær breytingar sem gerðar verði innan þess áætlunarþátta. Sveitarstjóra falið að taka saman endurskoðaða fjárfestingáætlun.

4. Samningur um slátt á opnum svæðum

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti drög að samningi við Slavko Velemir um slátt á nokkrum opnum svæðum. Sveitarstjórn ræddi samninginn en samþykkti hann síðan.



5. Bréf:

a. Tónlistarskólans á Akureyri, 11. júní 2015

Fyrir fundinum lágu tvö samhljóða bréf, annarsvegar vegna Guðrúnar Önnu Halldórsdóttur og hins vegar Sigubjargar Birtu Berndsen, þar sem óskað er eftir að Skagaströnd greiði sveitarfélagshluta kostnaðar við tónlistaskóla sem lögheimilissveitarfélag þeirra þar sem þær hafa sótt um að tónlistarnám á miðstigi. Í bréfunum kemur einnig fram að sveitarfélagið geti sótt um mótframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Adolf og Halldór lýstu vanhæfi sínu til að fjalla um málið og véku af fundi við umfjöllun og afgreiðslu þess. Í umræðu um málið kom fram tónlistarkennarar þurfi að skýra það sérstaklega fyrir nemendum að það þurfi stigspróf til að komast í tónlistarnám á framhaldsskólastigi. Sveitarstjórn samþykkti að verða við erindinu og samþykkti svohljóðandi viðauka við fjárhagsáætlun:

Liður 0451-9695 hækki um 752.000

b. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, 9. júní 2015

Með bréfinu leggur EFS áherslu á að markvisst sé unnið að hagræðingu í rekstri A-hluta sveitarsjóðs svo rekstrarniðurstaða verði jákvæð og óskað frekari upplýsinga um framvindu aðgerað þegar niðurstaða sveitarstjórnar liggur fyrir og eigi síðar en 31. desember 2015. Bréfið var til kynningar.

c. Eignarhaldsfélags BÍ, 4. júní 2015

Með bréfinu er tilkynnt um þá niðurstöðu stjórnar EBÍ að ekki hafi reynst unnt að veita styrk til útgáfu gönguleiðabæklings fyrir Skagaströnd. Bréfið var til kynningar.

d. Varasjóðs húsnæðismála, 21. maí 2015

Með bréfinu er tilkynnt um lok verkefni um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði. Í bréfinu kemur fram að Varasjóði hafi verið markaðir tekjustofnar samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga. Samkomulagið hafi verið í gildi fyrir árin 2012-2013 en rann úr gildi 31. desember 2014 og hefur ekki verið endurnýjað. Bréfið var til kynningar.

e. Sjónvarpsfélags Skagastrandar, 15. júní 2015

Fyrir fundinum lá erindi Sjónvarpsfélagsins sem sækir um styrk til að færa sjónvarpsrásir úr analog (hliðrænt) formati yfir á digital (stafrænt) format. Í bréfinu kemur fram að áætlun við að koma upp 16 rásum í stafrænt format er um 1.700 þús. og að óskað er eftir styrk sem nemur helmingi þeirrar fjárhæðar.

Sveitarstjórn ræddi málið og samþykkti að leggja 500 þús. til verkefnisins en skipta framlaginu milli árunna 2015 og 2016. Svohljóðandi viðauki var samþykktur:

Liður 0689-9991 hækki um 250.000



6. Fundargerðir:

- a. Fræðslunefndar, 11.06.2015

Sveitarstjórn staðfesti lið 2. - c. skóladagatal grunnskóla og lið 3. – b. skóladagatal leikskóla.

Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar

- b. Héraðsfundar, 3.06.2015

Fundargerðin var til kynningar

- c. Skólanefndar FNV, 9.06.2015

Fundargerðin var til kynningar

- d. Stjórnar Róta bs, 28.05.2015

Fundargerðin var til kynningar

- e. Stjórnar Róta bs, 8.06.2015

Fundargerðin var til kynningar

- f. Stjórnar Norðurár bs, 15.04.2015

Fundargerðin var til kynningar

- g. Stjórnar Norðurár bs. 22.04.2015

Fundargerðin var til kynningar

- h. Stjórnar Norðurár bs. 27.04.2015.

Fundargerðin var til kynningar

- i. Stjórnar Norðurár bs. 29.04.2015

Fundargerðin var til kynningar

- j. Stjórnar Norðurár bs. 7.05.2015

Fundargerðin var til kynningar

- k. Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 17.04.2015

Fundargerðin var til kynningar

- l. Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, 27.04.2015

Fundargerðin var til kynningar



m. Stjórnar SSNV, 13.05.2015

Fundargerðin var til kynningar

n. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 29.05.2015

Fundargerðin var til kynningar

o. Tómstunda- og menningamálanefndar, 23.06.2015

Í fundargerðinni kemur fram að stefnt er að bæjarhátíð 15. ágúst nk.

Fundargerðin var til kynningar

7. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 10.45

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson